

BRENDA PREHAL

*Fornleifaskráning vegna deiliskipulags
fyrir frístundabyggð við Reykjarhól í
Varmahlíð.*



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2022/254

Forsíðumynd: Hringlaga tóft, horft til suðvesturs.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2022/254

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði	3
Reykjarhóll -söguágrip	5
Fornleifaskrá	5
Samantekt	10
Heimildaskrá	12
Fylgiskjöl	14

Inngangur


Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulags fyrir frístundabyggð við Reykjarhól í Varmahlíð að beiðni Sæunnar Kolbrúnar Þórólfsdóttur skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skráningarsvæðið er tæplega 30hektarar og er að mestu í landi Reykjarhóls og að litlum hluta í Varmahlíðahverfinu.

Fornleifaskráning hefur verið unnin fyrir hluta svæðisins þrisvar áður. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur tvisvar áður skráð fornleifar á svæðinu vegna deiliskipulags árið 2002 (Katrín Gunnarsdóttir, 2002) og í tengslum við aðalskipulagsgerð árið 2003 (Katrín Gunnarsdóttir ofl., 2003). Árið 2021 gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu vegna lagningar jarðstrengs RARIK (Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2021).

Í skýrslunni er stutt ágrip af sögu Reykjarhóls, yfirlit yfir fornleifar sem skráðar voru á vettvangi og í lokin eru niðurstöður skráningarinnar teknar saman. Í viðauka er hnitaskrá og yfirlitskort yfir skráningarsvæðið. Skráning á vettvangi fór fram dagana 26. júlí og 5. ágúst 2022.

Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2778



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðu. Útlínur skráningarsvæðis eru fengnar frá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir

séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær meint tóft í landi Reykjarhóls raðnúmerið 5 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Reykjarhóll 2778-5]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Áður skráðar minjar fá upprunaleg skráningarnúmer í sviga fyrir aftan nýja númerið, t.d. [Reykjarhóll 2778-1] (R-146060 90 – 1). Í umfjöllun um einstakar minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær eru setti framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirhugaðra framkvæmda í tengslum við frístundabyggð við Reykjarhól í Varmahlíð.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Reykjarhóll -söguágrip

Býlið Reykjarhóll stendur á sunnanverðu Langholti austan við Víðimýrará í Skagafirði. Reykjarhóll gæti hafa verið í landnámi Úlfljóts sem „nam Langaholt allt fyrir neðan Sæmundarlæk“ (*Landnámabók*, bls. 229). Hins vegar eru suðurmörk landnámsins óljós og gætu þau hafa fylgt Víðimýrará (Margeir Jónsson í *Landnámabók*, bls. 229). Laug á Reykjarhóli er getið í sögu Jóns biskups helga frá árinu 1200 en bæjarins sjálfs er ekki getið (*Biskupa sögur I* síðari hluti, bls. 311-314).

Býlið Reykjarhóll kemur fyrst fyrir í *Sturlunga sögu* árið 1238 í aðdraganda Örlygsstaðabardaga, „Sturla reið til Skagafjarðar Lárentíusmessu snemma með alla flokkana og átu þeir mat á Reykjarhóli“ (*Sturlunga saga*, bls. 407). Næst er Reykjarhóls getið í eignaskrá Reynistaðaklaustursins frá árinu 1446 (DI IV, bls. 701). Jarðamat Reykjarhóls var að fornu 40 hundruð (*Jarðatal 1847*, bls. 258) og árið 1713 var tvíbýli á Reykjarhóli (*Jarðabók 1712*, bls. 88). Í *Jarðatal 1847* segir eru kúgildi sögð 3 og ábúendur 1 (*Jarðatal 1847*, bls. 258).

Í Byggðasögu Skagfjarðar segir: „Guðmundur Guðmundsson seldi ríkissjóði alla jörðina Reykjarhól árið 1935, en ríkissjóður seldi hana aftur Varmahlíðarfélaginu 1938 vegna fyrirhugaðrar stofnunar héraðsskóla í Varmahlíð“ (BS II, bls. 432). Árið 1929 var nýbýlið Varmahlíð byggt úr landi jarðarinnar Reykjarhóls og árið 1940 var Varmahlíð í eignarnámi ríkisins. Fyrsta íbúðarhúsið í Varmahlíðahverfinu var byggt árið 1942 (Byggðasaga Skagfirðinga II, bls. 420, 425).

Húsmannsbýlin Brún, Barð og Laugarbrekka voru í landi Reykjarhóls en utan þess svæðis sem hér er fjallað um (BS II, bls. 428, 430, 437).

Fornleifaskrá

Reykjarhóll 2778-1 (R-146060 90 – 1)

Sérheiti: Reykjarhóll

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll, tóftir

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Gamli bærinn á Reykhóli stóð um 180m vestan við núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing

Gamli bærinn var byggður árið 1916 úr timbri og járn, ein hæð og ris með grjóthlöðum kjallara undir hálfu húsinu. Húsið var 110m² og var endurbætt á árunum 1945-1950 (BS II, bls. 431) og var rífið einhvern tíma á árunum 2003-2010. Grjóthlaðinn kjallari stendur enn. Kjallarinn er um 7x9m að grunnmáli og er grasi gróinn. Vesturveggurinn er steypustyrktur til að styðja við inngangsstigann. Veggirnir eru um 1m á breidd og um 50cm á hæð. Áfast norðan við húsið var gamla hlóðældhúsið (BS II, bls. 432). Hlóðældhústóftin er um 7,5x10m að utanmáli og grasi og mosa gróin. Hún er torf- og grjóthlaðin með fimm raðir af grjóti með strengi á milli. Vesturveggurinn er best varðveittur og er um 2m á breidd og um 80cm á hæð. Samkvæmt Sigurlaugu Markúsdóttur bónda á Reykjarhóli var fjós áfast norðan við hlóðældhúsið (Munnleg heimild: 26.07.2022). Fjósið var upphaflega úr torfi og grjóti en var endurbætt með steypu og járnþaki (LMÍ 1974). Fjóstóftin er um 7,5x11m að utanmáli og veggir eru 1m að breidd og um 45cm á hæð. Gamla bæjarstæðið er grasi gróið og er líklegt að fleiri minjar liggi undir yfirborðinu. Einnig er líklegt að bæjarhóll sé undir gamla bænum en grasið er of gróið til að sjá umfangið.


Reykjarhóll 2778-2 (R-146060 90 – 12)

Sérheiti: Gamli sýsluvegurinn

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið



Mynd 2. Híbýli 2778-1.



Mynd 3. Vesturveggur hlóðældhússins, horft til norðvesturs.

Staðhættir

Gamli sýsluvegurinn, sem var reiðvegur, lagður austan við íbúðarhúsið á Reykjarhóli vestan í Reykjahólnum.

Lýsing

Gamli sýsluvegurinn er farin undir Reykjarhólsvegi lóðunum nr. 20a, 18b og 16b. Hann var staðsettur á loftmynd frá 1974 (LMÍ 1974) og var um 615m langur.

Aðrar upplýsingar

Í Sýslunefndarsögu Skagfirðinga segir: „Gamli sýsluvegurinn, reiðvegurinn, lá austan Reykjarhólsbæjar, vestanhalt við Reykjarhólinn, við svo kallaða Laugarbrekku, þótt engin fyrirfyndist þar laugin á síðari tímum“ (Kristmundur Bjarnason 1989, bls. 150-151).

Reykjarhóll 2778-3 (R-146060 90 – 10)

Sérheiti: Íbishólsgrötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga frá árinu 2003, lágu göturnar upp smá brekku frá Víðimýraránni, til suðurs (Katrín Gunnarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir 2003, bls. 27).

Lýsing

Ekkert sést eftir af götunum þegar vettvangsvinna fór fram í júlí og ágúst 2022. Samkvæmt Sigurlaugu Markúsdóttur (Munnleg heimild: 05.08.2022) voru göturnar mjög djúpar reiðgötur sem eru nú horfnar í gras. Göturnar voru staðsettar eftir loftmynd frá 2017 (Loftmyndir ehf., 2017).

Aðrar upplýsingar

Byggðasafn Skagfirðinga skráði göturnar árið 2003. Í skýrslunni segir: „Götur voru á milli Reykjarhóls og Íbishóls þangað til bílvegur kom til sögunnar. Göturnar lágu í suðvestur upp frá vaðinu sem var niður og suður undan gamla bænum á Reykjarhóli“ (Katrín Gunnarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir 2003, bls. 27).

Reykjarhóll 2778-4

Hlutverk: Vað

Tegund: Náttúruminjar

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Vað er um 130m suðvestur af gamla bænum [2778-1].

Lýsing

Vaðið sem er suðvestur af gamla bænum [2778-1] er í notkun. Það gæti verið að gamla vaðið hafi verið á öðrum stað en samkvæmt skýrslu Byggðasafnsins

Skagfirðinga frá 2003 er núverandi vað á réttum stað (Katrín Gunnarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir 2003, bls. 27).

Aðrar upplýsingar

Byggðasafn Skagfirðinga skráði göturnar árið 2003. Í skýrslunni segir: „Göturnar lágu í suðvestur upp frá vaðinu sem var niður og suður undan gamla bænum á Reykjarhóli“ (Katrín Gunnarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir 2003, bls. 27).



Mynd 4. Vað 2778-4, horft til vesturs.

Reykjarhóll 2778-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Í brekku um 220m suðvestan við íbúðarhúsið á Reykjarhóli og 85m vestan við Reykjarhólsveg er tóft.

Lýsing

Tóftin er hringlaga og liggur NV-SA. Hún er um 11x16m að utanmáli og veggir eru um 2m á breidd og um 50cm á hæð. Tóftin er grasi gróin og hugsanlega er garði í vesturs. Meint garðinn er um 2x7m að utanmáli og einnig 50cm á hæð. Mögulega inngangur er í norðvesturs. Djúpar reiðgötur liggja suðvestan og norðaustur af tóftinni.



Mynd 5. Tóft 2778-5 og leið 2778-6.



Mynd 6. Tóft 2778-5, horft til suðvesturs.

Reykjarhóll 2778-6 (SK-641:001?)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir


Rétt vestan við tóft [2778-5] er leið.

Lýsing

Gatan er gömul reiðgata sem er um 47m löng og mjög djúp á köflum. Hún liggur N-S og svo beygir til austurs í kringum hól í suðri. Gatan er hugsanlega sama gata og skráð er nr. [SK-641:001] í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2020, bls. 29).

Aðrar upplýsingar

Fornleifastofnun Íslands skráði götu sem heimild árið 2021. Í skýrslunni segir: „Leið er merkt inn á gamalt Íslandskort, Uppdrátt Íslands frá árinu 1923. Leiðin liggur frá Víðimýri til norðurs framhjá Reykjarhól og Grófargili og áfram til norðurs að Marbæli: Þar heldur leiðin áfram inn í Staðarhrepp. Leiðin var nokkurn vegin þar sem Sauðárkróksvegur er nú fyrir utan að frá Víðimýri að Grófargili var hann ofan og vestan við Varmahlíð. Leiðin var skoðuð í landi Reykjarhóls og Grófargils en þar liggur leiðin í gegnum úttekarsvæðis RARIK. Leiðin lá yfir blautt mýrarsvæði, tún og holt. Ekki sjást nein ummerki um leiðina í landi Reykjarhóls né Grófargils og má leiða líkum að því að hún hafi að mestu horfið í gróður þegar hætt var að nota hana“ (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2020, bls.29).



Mynd 7. Leið 2778-6, horft til suðurs.

Reykjarhóll 2778-7 (R-146060 90 – 45)

Hlutverk: Skurður

Tegund: Áveita

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Skurður liggur um 175m suðvestan við íbúðarhúsið á Reykjarhóli austanverðan túnsins.

Lýsing

Skurðurinn liggur NV-SA og endar skurðarins liggja til vesturs. Hann er um 280m langur, um 80cm á breidd og um 30cm djúpur.



Mynd 8. Skurður 2778-7, horft til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Byggðasafn Skagfirðinga skráði skurðinn árið 2003. Í skýrslunni segir: „Skurðurinn er handgrafinn og liggur í norður – suður. Endar skurðarins liggja til vesturs. Skurðurinn er um 350m langur og um 1m á breidd. Skurðurinn var handgrafinn í tíð Guðmundar Guðmundssonar sem bjó á Reykjarhóli 1914-1935“ (Katrín Gunnarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir 2003, bls. 44).

Samantekt

Alls voru skráðar sjö minjar innan skráningarsvæðis. Heildaryfirlit yfir þessar minjar er að finna í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni. Að öllum líkindum hefur verið búseta á Reykjarhóli allt frá landnámi.

Skráningarsvæðið var rétt sunnan við gamla bæjarstæðið á Reykjarhóli. Eldra íbúðarhúsið [2778-1] var vestan við núverandi íbúðarhús en búið er að rífa hann og þarna er nú slétt tún. Hann var byggður árið 1916 úr timbri og jární á sama stað og gamli torfbærinn. Gamla hlóðældhúsið var úr grjóti og torfi og var áfast norðan við gamla bæinn. Áfast norðan við hlóðældhúsið var fjós. Líklega er gamli bæjarhóllinn undir gamla bænum sem nú er grasi vaxinn. Suðvestan við gamla bæinn er vað [2778-4] í Víðimýráránni sem er enn í notkun. Í brekku suðvestan við núverandi íbúðarhúsið á Reykjarhóli var skráð ein tóft [2778-5]. Vestan við hana var skráð ein gata [2778-6]. Austan Reykjarhólstún var skráður einn skurður [2778-7]. Tvær heimildir um leiðir [2778-2, 2778-3] voru skráðar sem eru horfnar.

Hættumat

Minjar sem skráðar voru innan skráningarsvæðis eða innan við 5m frá útlínum þess, alls fjórar, eru allar taldar í hættu vegna framkvæmda. Ein fornleif er vað og er ekki taldin í hættu (sjá hnitaskrá í fylgiskjöllum). Hættumatið er miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um útlínur frístundabyggðar. Þar sem fornleifaskráning er fyrirbyggjandi er hægt að taka tillit til minja við skipulag framkvæmda og tilheyrandi starfsemi. Í 22. gr. laga um menningarminjar (*nr. 80 29. júní 2012*) er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema að annað sé ákveðið. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir til verndar minjum eru á höndum Minjastofnunar Íslands.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

DI IV: *Íslenskt fornbréfasafn – Diplomatarium Islandicum IV*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1897.

Íslensk fornrit I. Íslendingasögur. Landnámabók. Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1986.

Íslensk fornrit XV₂. Biskupa sögur I, síðari hluti. Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 2003.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar. Staðarhreppur-Seyluhreppur. Annað bindi*. Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2001.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín IX: Skagafjarðarsýsla. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Katrín Gunnarsdóttir. „Reykjarhóll í Skagafirði Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar vestan og sunnan Reykjarhóls.“ Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2002/7, 2002.

Katrín Gunnarsdóttir ofl. „Fornleifa- og minjaskráning fyrir aðalskipulag í Varmahlíð Reykjarhóll, Barð, Brún og Laugarbrekka Hof og Reykjarhólssel í Brekkulandi.“ Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2003/19, 2003.

Kristmundur Bjarnason. *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, síðari bindi*. Akureyri: Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, 1989.

Lilja Laufey Davíðsdóttir. „Fornleifaúttekt í Skagafirði vegna lagningar jarðstrengs - Hafsteinsstaðir, Reynistaður, Geitagerði, Grófargil, Reykjahóll og Torfgarður.“ Fornleifastofnun Íslands skýrsla FS817-20381, 2021.

Sturlunga saga I. Mál og menning: Reykjavík, 2010.

Stafrænar heimildir

Landmælingar Íslands (LMÍ). Loftmynd Varmahlíð 1974. Mynd númer: D-13-D-4772.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>.

Loftmyndir ehf. <https://map.is/base/@478258,561996,z11,0>. Skoðað þann 10.08.2022.


Heimildarmenn

Sigurlaug Markúsdóttir (Reykjarhóll)

Fylgiskjöl

Fornleifar á Reykjarhóli – hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
2778-1	Reykjarhóll	Reykjarhóll	Híbýli	Tóftir	800	1978	Greinanleg	Hætta	478343	561996
2778-2	Reykjarhóll	Gamli sýsluvegurinn	Leið	Heimild	800	1930	Horfin	Ómetið	478595	561985
2778-3	Reykjarhóll	Íbishólsgötur	Leið	Heimild	800	1930	Horfin	Ómetið	478262	561977
2778-4	Reykjarhóll		Vað	Vað	800	2022	Vel greinanleg	Engin hætta	478284	561880
2778-5	Reykjarhóll		Óþekkt	Tóft	800	1300	Vel greinanleg	Hætta	478500	561787
2778-6	Reykjarhóll		Leið	Gata	800	1930	Greinanleg	Hætta	478485	561794
2778-7	Reykjarhóll		Skurður	Áveita	1914	1935	Vel greinanleg	Hætta	478433	561816



Yfirlitskort yfir minjar.